

Nd.

687. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málflutnings við hæstarétt hverjum þeim,

sem:

1. er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt starfanum,
2. er 25 ára gamall,
3. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
4. hefur óflekkað mannorð,
5. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
6. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við aðra háskóla samkvæmt íslenskum lögum, og
7. hefur gegnt lögfræðistörfum sem aðalatvinnu í 5 ár samtals að afloknu lagaprófi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.